

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. júlí 2023  
UST202307-124/B.S.  
10.05.07

### **Efni: Umsókn um nýtingarleyfi grunnvatns – Arnarlax**

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórн vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum aætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 28. gr. lagana skulu opinberar áætlanir á vegum stjórнvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Jafnframt kemur fram í sömu lagagrein að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagsлага og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við útgáfu nýtingarleyfis þarf að gæta að þessari stefnumörkun vatnaáætlunar. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála er fyrirhugað nýtingarleyfi tengt grunnvatnshlotunum Selvogsstraumur 3 (104-290-G), en hugsanlega verður grunnvatnshlotið Ölfusstraumur 3 (103-268-G) jafnframt fyrir áhrifum vegna nálægðar. **Umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna er að vera með góða magstöðu.** Samkvæmt lögum um stjórн vatnamála má ástand grunnvatnshlotsins ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Ef fyrirséð er að magnstaða grunnvatnshlotanna

muni versna við nýtingu grunnvatsnsins þarf að fara í viðeigandi mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun ástands. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild stofnunarinnar til breytingar vatnshlots ef ekki er hægt að tryggja góða magnstöðu grunnvatnshlotsins.

Magnstaða grunnvatnshlotanna Selvogsstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G) er óbekkt og því er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdaraðili þarf að gera viðeigandi rannsóknir til að staðfesta magnstöðu og meta áhrif starfseminnar á magnstöðuna. Jafnframt er bent á þau samlegðaráhrif með vatnstöku sem skapast á svæðinu með tilkomu fleiri fyrirtækja.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**